

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Tungusilungur hf.	15. nóvember 2018	Strandgata 39, Tálknafirði	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
330802-3270 (færsla á 530802-2210)	11. desember 2021	Já	Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			160 tonn af fiski á ári (120+30).
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Nei, umsókn um yfirfærslu starfsleyfis er til meðferðar hjá Umhverfisstofnun. Rekstraraðili kynnti áform um endurbætur á starfsstöðinni sem eru á hönnunarstigi
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		x		
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		x		Ekki á staðnum.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			
Er neyðaráætlun til staðar?		x		

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		x		Bæklingur afhentur
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	x			Sumstaðar handvirk og sumstaðar tölvustýrð.
Er skráning á losun fósíors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?		x		Ekki til staðar en forsendur til að reikna út.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		x		Fugl við eina útrás annars ekki að sjá óhreinindi í eða útfalli.  Bæta þarf umgengni á staðnum.
Nánari lýsing á mengunarvarnarábúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh.  Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.		x		Engin hreinsun til staðar, frárennslis beint til sjávar.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerjum, ferskvatn, sjór).				Útrásir beint frá bakka út í sjó. Stuttar fjarlægðir frá kerjum.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			x	Rannsóknir fyrir sjókvíaeldi annars staðar í firðinum.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		x		Dauðfiskur er hreinsaður upp á hverjum degi. Fara með í úrgangsstöð sem vinnur afurð fyrir ref. Klofningur sér um flutninginn. Kvittanir: Samkvæmt rekstraraðila eru daglegar skráningar en þær voru ekki aðgengilegar í eftirltinu. Ekki upplýsingar um magn til staðar þar sem að dauðfiskur er settur með afskurði frá fiskvinnslu í refafóður.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			x	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			x	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			x	

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Eitt frávik kom fram vegna hreinsunar á frárennsli og tvær athugasemdir voru gerðar, annars vegar varðandi það að starfsleyfi og rekstrarleyfi er ekki skráð á sömu kennitölu og hins vegar að frágangur á svæðinu var ekki nægjanlega góður.

**Frávik frá 7. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp**

Engin hreinsun er á frárennsli frá stöðinni. Lágmarkshreinsun á frárennsli er fyrsta þreps hreinsun.

**Ábendingar:**

Gerð er athugasemd við að rekstrarleyfi og starfsleyfi eru ekki á sömu kennitölu. Bent er á að sækja þarf um yfirfærslu sem allra fyrst.

Gerð er athugasemd við að mikil óreiða var á svæðinu, rusl og frágangur ekki nægjanlega góður.

**Samantekt:**

Bent á að senda tryggingaskirteini sem var svo sent til Umhverfisstofnunar í kjölfar eftirlits.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

<b>Annað</b>	Stefnt er á að setja tromlusíur til að endurnýta hitann. Frá öllum kerjum verður fráveitan sett í settjörn. Áætlað er að verði komið í gagnið eftir þrjú ár. Tvö austustu kerin tengd annarri settjörn. Framkvæmdirnar eru á hönnunarstigi, en vandkvæði með að halda tímaplani vegna skorts á iðnaðarmönnum.  Sóttreinsiefni (virex) er geymt á duftformi í fiskvinnslu.
--------------	---

*Undirskrift eftirlitsmanns:* \_\_\_\_\_

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Tungusilungur ehf. Tálknafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Tungusilungur ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Strandgata 39	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	330802-3270	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnar Þór Marinósson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°45'09,2"N 23°22'50,6"V

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í landeldi Tungusilungs. Í eftirlitinu voru staðfest fjögur ný frávik. Eitt eldra frávik er útistandandi varðandi hreinsun á frárennsli. Annað frávik er snýr að rekstraraðila er í ferli, en rekstraraðili hefur óskað eftir að starfsleyfið verði flutt yfir á nýja kennitölu.

## UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits:

- Yfirfærsla starfsleyfis.
- Síðasta eftirlitsskýrsla, úrbætur vegna frávíks og ábendinga.
- Skráningar í rekstrarhandbók, eru þær skv. ákvæðum starfsleyfis? ath engar kröfur um skráningar.
- Kvittanir frá móttökuaðila dauðfisks/úrgangs.
- Yfirlit yfir spilliefni.
- Kvartanir og óhöpp.

Byrjað var á skoðunarferð um starfsstöðina. Nokkuð var um lausamuni og úrgang á starfstöðinni, net yfir kerjum voru sumstaðar rifin og slitin svo varnir gegn aðgangi fugla og annarra meindýra er ábótavant. Frárennsli frá kerjunum fer óhreinsað til sjávar. Við útrás frárennslis var ekki sjáanleg mengun, nema frá einu frárennslisopinum þar sem að nokkuð var um fóðurleifar og fugl sem sótti að því.

1. Rekstraraðili hefur óskað eftir að félagið verði flutt yfir á nýja kennitölu 530802-2210. Umhverfisstofnun óskaði bréfi 16. október sl. eftir staðfestingu á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sem vantaði í umsóknina. Staðfesting á tryggingu barst Umhverfisstofnun 4. desember sl.

2. Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd við að rekstrarleyfi og starfsleyfi væru ekki á sömu kennitölu. Umsókn um færslu starfsleyfis hefur verið send til Umhverfisstofnunar sbr. umfjöllun í 1. tölulið. Þá var gerð athugasemd við að mikil óreiða væri á svæðinu og frágangur ekki nægilega góður. Í skoðunarferðinni kom í ljós að enn þarf að bæta úr hvað varðar umgengni á starfsstöðinni. Eitt frávik kom fram í eftirlitinu þar sem að engin hreinsun er á frárennsli áður en því er hleypt til sjávar. Úrbætur hafa ekki verið gerðar vegna þess frávíks.

3. Bæta þarf úr skráningum í samræmi við kröfur í grein 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í landi, en þær voru ekki aðgengilegar þegar eftirlitið fór fram.

4. Kvittanir fyrir móttöku dauðfisks og úrgangs voru ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram.

5. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er meðferð spilliefna af mjög takmörkuðu leiti í starfsstöðinni.

6. Engar kvartanir eða óhöpp hafa verið skráð frá síðasta eftirliti.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

Grein 1.4 í starfsleyfisskilyrðum

Skráningar sem kveðið er á um í grein 1.4. voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu.

Grein 2.4 í starfsleyfisskilyrðum

Kvittanir fyrir ráðstöfun úrgangs og spilliefna til viðurkenndra

móttökuaðila var ekki aðgengilegt í eftirlitinu. Þá kom í ljós að ekki er haldið nægilega utanum flokkun og magn þess úrgangs sem myndast vegna starfseminnar.

grein 2.3 í starfsleyfisskilyrðum

Talsverður óþrifnaður var á athafnasvæði rekstraraðila, s.s. byggingarúrgangur, tóm kör, plast ofl. á víð og dreif.

grein 2.5 í starfsleyfisskilyrðum

Net yfir fiskikörum voru víða rifinn og slitinn þannig að aðgangur fugla og annarra meindýra að fiskikörunum er ekki nægilega hindraður í samræmi við kröfur í starfsleyfisskilyrðum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

24.01.2019

  
Halla Einarsdóttir







